

Miðvikudaginn 27. maí 1992.

Nr. 4/1990.

Hjalti Örn Sigfússon

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Frantz Hákansson,

Vélaverkstæðinu Þór,

Sigmundi Bjarnasyni,

Magnúsi Bjarnasyni,

Pálma B. Larsen,

Guðrúnu Ó. Þorbergsdóttur,

Brynju Þ. Þorbergsdóttur,

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

og Íslandsbanka hf.

(Garðar Garðarsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Málskostnaður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. janúar 1990. Dómkröfur hans eru þær, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Af hálfu Vélaverkstæðisins Þórs hefur ekki verið skilað greinargerð. Aðrir stefndu krefjast allir sýknu af kröfum áfrýjanda og að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá og með 1. janúar 1990 tók Íslandsbanki hf. við réttindum og skyldum Iðnaðarbanka Íslands hf.

I.

Með bréfum til bæjarfógetans í Hafnarfirði 6. nóvember 1988 óskaði Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður eftir því, að fasteign áfrýjanda, Álfaskeið 92, 2. hæð til hægri, Hafnarfirði, yrði seld á nauðungaruppboði til greiðslu skulda samkvæmt veðskulda-

bréfum umbjóðenda sinna Sigmundar Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar, frá 24. júní 1988 á þriðja veðrétti í eigninni. Ljósrit þessara bréfa fylgdu uppboðsbeiðnum lögmannsins. Hinn 24. nóvember 1988 óskaði Iðnaðarbanki Íslands hf. nauðungaruppboðs á sömu eign á grundvelli meðfylgjandi afrits af veðskuldabréfi frá 30. október 1987, sem tryggt var með öðrum veðrétti. Að undangengnum tilkynningum til áfrýjanda var uppboðsmál þingfest í uppboðsrétti Hafnarfjarðar 14. apríl 1989 á grundvelli framangreindra beiðna.

Fyrri sala eignarinnar fór fram 20. júní 1989. Þá voru lagðar fram og sameinaðar uppboðsmálinu þrjár uppboðsbeiðnir frá Jóni Þóróddssyni héraðsdómslögmanni fyrir hönd Pálma B. Larsen, Guðrúnar Ó. Þorbergsdóttur og Brynju Þ. Þorbergsdóttur, allar á grundvelli veðskuldabréfa frá 24. júní 1988 til Þorbergs Ólafssonar á þriðja veðrétti í fasteigninni.

Fyrirhugaðri síðari sölu fasteignar áfrýjanda 27. september 1989 var þá frestað í uppboðsrétti til 20. nóvember sama árs. Þann dag fór sala fram, eftir að sameinaðar höfðu verið málinu uppboðsbeiðnir Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns frá 19. október 1989 vegna fjárnáms Vélsmiðjunnar Þórs frá 5. sama mánaðar á fjórða veðrétti í eigninni og Bjarna Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns frá 25. október vegna þriggja veðskuldabréfa til Frantz Hákanssons frá 4. september 1987, sem tryggð voru með fyrsta veðrétti í eigninni. Einungis ljósrit þessara veðskuldabréfa fylgdu uppboðsbeiðni.

Þriðja og síðasta nauðungarsala á umræddri fasteign fór fram 12. desember 1989. Þá voru meðal annars lögð fram frumrit þeirra tveggja veðskuldabréfa stefndu Sigmundar Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar, sem ljósrit fylgdu af, með framangreindum uppboðsbeiðnum frá Árna Grétari Finnssyni hæstaréttarlögmanni 6. nóvember 1988. Á uppboðsþinginu var meðal annars bókað: „Hefjast nú sölutilraunir. Þessi boð koma fram:

1. Bjarni Ásgeirsson hdl. v. Iðnaðarbanka Íslands hf. krefst útlagningar, ef skilyrði reynast til kr. 4.000.000,00

2. Jón Þóróddsson hdl. v. allra þriðjaveðréttarhafa in solidum og krefst útlagningar kr. 4.500.000,00

3. Klemenz Eggertsson hdl. persónulega kr. 4.600.000,00

4. Jón Þóroddsson hdl. v. sömu aðila og fyrr og krefst útlagn-ingar kr. 4.700.000,00

Önnur og fleiri boð koma ekki fram.

Uppboðshaldari slær hamri í borð til merkis um, að sölutilraunum sé lokið. Hann tekur sér frest í allt að 14 daga til að taka afstöðu til framkominna boða.“

II.

Áfrýjandi byggir kröfugerð sína á því, að við þriðja og síðasta uppboð fasteignarinnar nr. 92 við Álfaskeið í Hafnarfirði hafi einungis legið fyrir ljósrit þriggja veðskuldabréfa á fyrsta veðrétti, en ekki frumgögn þeirra uppboðsheimilda, og hafi uppboðið því ekki mátt fara fram, sbr. niðurlag 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987. Þá segi í uppboðsbeiðni vegna þessara bréfa, að eigandi þeirra sé Iðnaðarbanki Íslands hf. í Hafnarfirði, en ekki stefndi Frantz Hákansson, eins og fram komi á ljósritum bréfanna. Því beri einnig að ómerkja uppboðsgerðina af þessum ástæðum með vísun til VI. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefndu halda því fram, að sérhver aðili uppboðsmáls með lögmæta uppboðsheimild geti knúið fram nauðungaruppboð, þótt beiðni einhverra annarra aðila málsins kunni að vera áfátt. Þá hafi aldrei verið gerðar athugasemdir af hálfu áfrýjanda við meðferð málsins.

Stefndu Frantz Hákansson og Íslandsbanki hf. hafa gert grein fyrir því, að Iðnaðarbanki Íslands hf. hafi einungis verið vörsluaðili veðskuldabréfa á fyrsta veðrétti og haft þau til innheimtu fyrir eiganda þeirra, stefnda Frantz.

III.

Af hálfu áfrýjanda mætti Klemenz Eggertsson héraðsdómslögmaður við allar fyrirtökur málsins í uppboðsrétti Hafnarfjarðar nema þingfestingu þess, en þá mætti þar fyrir hann Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður. Þessir lögmenn hreyfðu aldrei athugasemdum né höfðu uppi andmæli gegn framgangi uppboðsins.

Við þriðju og síðustu sölu fasteignar áfrýjanda 12. desember 1989 voru lögð fyrir uppboðshaldara frumrit uppboðsheimilda Sig-

mundar Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar, sem í upphafi óskuðu nauðungaruppboðs á eigninni og voru ásamt Iðnaðarbanka Íslands hf. bókaðir sem uppboðsbeiðendur við þingfestingu málsins. Uppboðshaldara var því skylt að halda sölutilraunum áfram allt til enda, sbr. niðurlag 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987. Skiptir þá ekki máli, þótt frumrit annarra uppboðsheimilda hafi ekki verið sýnd í uppboðsrétti, en tilvist þeirra kemur til álita uppboðshaldara við úthlutun uppboðsandvirðis. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að áfrýjun þessarar uppboðsgerðar er að ófyrirsynju og til þess eins fallin að tefja frágang nauðungarsölu, sem í engu var andmælt við málsmeðferð í héraði. Þetta verður að átelja.

Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Hjalti Örn Sigfússon, greiði stefndu Frantz Hákansson, Sigmundi Bjarnasyni, Magnúsi Bjarnasyni, Pálma B. Larsen, Guðrúnu Ó. Þorbergsdóttur og Brynju Þ. Þorbergsdóttur sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og stefnda Íslandsbanka hf. 50.000 krónur.
